

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2007/EES/16/03

frá 23. maí 2003

um breytingu á ákvörðun 2002/300/EB um skrá yfir svæði sem eru viðurkennd með tilliti til
bónamiósis (*Bonamia ostreae*) og/eða marteilíosis (*Marteilia refringens*) (*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 1639)

(2003/378/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/45/EB⁽²⁾, einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/300/EB⁽³⁾ er mælt fyrir um að tiltekin svæði á Írlandi teljist laus við sjúkdómana ostruveiki (☉:bónamiósis (*Bonamia ostreae*)) og/eða marteilíuveiki (☉:marteilíosis (*Marteilia refringens*)).
- 2) Lögbæra dýraheilbrigðisyrivaldið á Írlandi hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum að ostruveiki (*Bonamia ostreae*) hafi greinst í Achill Sound, svæði sem áður var talið að væri laust við sjúkdóminn. Þetta svæði getur því ekki talist laust við ostruveiki (*Bonamia ostreae*).
- 3) Breyta ber ákvörðun 2002/300/EB til samræmis við það.

- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við ákvörðun 2002/300/EB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. maí 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 130, 27.5.2003, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2004, 9. júlí 2004 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 65, 23.12.2004, bls. 8.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 189, 3.7.1998, bls. 12.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 103, 19.4.2002, bls. 24.

VIDAUKI

„VIDAUKI

SVÆÐI SEM ERU VIÐURKENND MEÐ TILLITI TIL SJÚKDÓMANNA OSTRUVEIKI (*BONAMIA OSTREAE*) OG MARTELÍUVEIKI (*MARTEILIA REFRINGENS*) Í LINDÝRUM

- 1.A. **Svæði á Írlandi sem eru viðurkennd með tilliti til ostruveiki (*B. ostreae*)**
- öll strandlengja Írlands, að eftirtöldum fimm svæðum undanskildum:
 - Cork Harbour,
 - Galway Bay,
 - Ballinakill Harbour,
 - Clew Bay,
 - Achill Sound.
- 1.B. **Svæði á Írlandi sem eru viðurkennd með tilliti til martelíuveiki (*M. refringens*)**
- öll strandlengja Írlands.
- 2.A. **Svæði í Breska konungsríkinu, á Ermarsundseyjum og Mön sem eru viðurkennd með tilliti til ostruveiki (*B. ostreae*)**
- öll strandlengja Stóra-Bretlands, að eftirtöldum svæðum undanskildum:
 - suðurströnd Cornwall frá Lizard að Start Point,
 - svæðið umhverfis ármynni Solent frá Portland Bill að Selsey Bill,
 - svæðið með fram strönd Essex frá Shoeburyness að Landguard point,
 - öll strandlengja Norður-Írlands,
 - öll strandlengjan á Guernsey og Herm,
 - svæði á Jersey: svæðið samanstendur af ströndinni, þar sem sjávarfalla gætir, og svæðinu næst ströndinni milli meðalflóðmarka á eyjunni Jersey og ímyndaðrar línu sem dregin er þrjár sjómílar frá meðalfjörmörkum á eyjunni Jersey. Svæðið er í flóanum milli Normandí og Bretagne, á sunnanverðu Ermarsundi,
 - öll strandlengja Manar.
- 2.B. **Svæði í Breska konungsríkinu, á Ermarsundseyjum og Mön sem eru viðurkennd með tilliti til martelíuveiki (*M. refringens*)**
- öll strandlengja Stóra-Bretlands,
 - öll strandlengja Norður-Írlands,
 - öll strandlengjan á Guernsey og Herm,
 - svæði á Jersey: svæðið samanstendur af ströndinni, þar sem sjávarfalla gætir, og svæðinu næst ströndinni milli meðalflóðmarka á eyjunni Jersey og ímyndaðrar línu sem dregin er þrjár sjómílar frá meðalfjörmörkum á eyjunni Jersey. Svæðið er í flóanum milli Normandí og Bretagne, á sunnanverðu Ermarsundi,
 - öll strandlengja Manar.“
-